

Mannréttinda- og jafnréttisstefna Álfhólsskóla

Álfhólsskóli setur sér mannréttinda- og jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr.62/1994, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 og samkvæmt gildandi jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar (2019-2023) en þar er markmiðið að hafa jafnræði bæjarbúa og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur Kópavogsbær einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafna stöðu kynjanna. Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogs er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allir í skólasamfélaginu fái notið mannréttinda án tillits til kyns, uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Jafnrétti og önnur mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands ásamt fjölmörgum mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að.

Álfhólsskóli hefur jafnréttis- og mannréttinda sjónarmið að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Ávallt er haft í huga að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglिंगum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti milli kynja. Gildi skólans eru þar höfð að leiðarljósi; *menntun, sjálfstæði og ánægja*. Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt í hvívetna í skólanum og að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í öllu starfi innan skólans. Markvisst skal unnið að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Kynbundið ofbeldi eða áreitni er ekki liðin. Með jafnréttisstefnu skólans er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum.

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna

Í september 2015 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (HM). Markmiðin gilda frá 2016 til 2030. Um er að ræða ein víðtækustu markmið sem samningsaðilar hafa komið sér saman um að hafa að leiðarljósi til að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030.

Ísland er eitt þeirra ríkja sem samþykkt hafa Heimsmarkmiðin en þau koma í framhaldi af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem náðu fram til ársins 2015. Heimsmarkmiðin byggja á 17 meginmarkmiðum og 169 undirmarkmiðum. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stóða sjálfbærrar þróunar: efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra.

Þann 11. september 2018 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar að innleiða 17 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun inn í yfirstefnu Kópavogsbæjar þar sem 34 af 169 undirmarkmiðum voru valin sem forgangsmarkmið. Mannréttinda- og jafnréttisáætlun Álfhólsskóla tekur mið af þessu.

Mannréttinda og jafnréttisáætlun Álfhólsskóla nær annars vegar til starfsfólks og hins vegar til nemenda.

Starfsfólk Álfhólsskóla

Markmið: Störf innan skólans séu aldrei flokkuð sem sérstök kvenna- eða karlastörf.

Aðgerðir:

- Hafa skal öll kynin í huga þegar störf eru auglýst og leitast við að halda hlutfalli kynjanna eins jöfnu og frekast er unnt.
- Gæta skal jafnréttissjónarmiða til jafns á við önnur sjónarmið við ráðningar í skólanum.
- Öll kyn skulu hafa jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsmanna.

Ábyrgð: Stjórnendur

Hvenær: Í hvert sinn sem ráðningar eiga sér stað.



Markmið: Þjóða skal starfsfólki upp á fræðslu og endurmenntun um jafnréttismál, kynbundið ofbeldi, kynbundna og/eða kynferðislega áreitni. Starfsfólki skulu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar, óháð kyni.

Aðgerðir:

- Skólinn haldi námskeið fyrir kennara þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna og sérstaklega um jafnréttismiðaða kennslu.

Ábyrgð: Stjórnendur

Hvenær: Reglulega

Markmið: Tryggja skal að öll kyn njóti sömu kjara fyrir sömu störf og hafi jafna möguleika á launuðum viðbótarstörfum innan skólans.

Aðgerðir:

- Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera skýr og öllum ljós. Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns í skólanum. Stjórnendur gera athugun á launakjörum starfsmanna að minnsta kosti tvisvar á skólaárinu og bregðast við ef ástæða þykir.

Ábyrgð: Stjórnendur

Hvenær: Við lok vorannar og byrjun haustannar



Markmið: Tryggja skal sama sveigjanleika gagnvart öllum kynjum þegar kemur að samræmingu fjölskyldu- og heimilislífs eða töku fæðingarorlofs og veikindadaga vegna barna.

Aðgerðir:

- Allir starfsmenn skulu njóta sama sveigjanleika hvað varðar samræmingu vinnu og einkalífs óháð kyni.

Ábyrgð: Stjórnendur

Hvenær: Reglulega og við upphaf skólaárs hverju sinni



Markmið: Allir starfsmenn og nemendur eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri né kynbundinni áreitni.

Aðgerðir:

- Öllu starfsfólki skal gert ljóst að einelti og kynferðisleg áreitni í hvaða formi sem hún er verði aldrei liðin í skólanum. Bregðast þarf skjótt við komi upp ábending um slíkt.
- Vinnureglum um viðbrögð við kynferðislegri áreitni hvort heldur sem er meðal starfsmanna eða nemenda má finna í starfsmannahandbók skólans.
- Ef yfirmaður er kærður vegna [ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni] verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir skv. 22.gr. jafnréttis laga.

Ábyrgð: Stjórnendur og trúnaðarmenn

Hvenær: Reglulega

Nemendur Álfhólsskóla

Markmið: Álfhólsskóli leggur áherslu á jöfn tækifæri kynjanna til alls sem viðkemur skólustarfinu, hvort sem um nám eða félagsstarf er að ræða. Lögð er áhersla á að nemendum sé ávallt sýnd virðing í samskiptum og þeir metnir að verðleikum þannig að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín. Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum.



Aðgerðir:

- Starfsfólki skólans ber að vera vakandi fyrir hverju því tækifæri sem gefst til að ræða við nemendur um mannréttindi, jafnrétti kynjanna, staðalímyndir, fordóma, samskipti, ólíkar þarfir einstaklinga og kynjahlutföll í starfsgreinum og áhugasviðum.
- Leita skal allra leiða til að efla sjálfsvirðingu og sjálfsvitund nemenda með það að markmiði að styrkja hvern einstakling í að velja út frá eigin sannfæringu en ekki út frá viðhorfum hóps eða staðalímyndum.
- Lögð er áhersla á að allir nemendur þjálfist í að þekkja og tjá tilfinningar sínar og læri um leið að virða tilfinningar annarra óháð kyni, uppruna, búsetu, trú eða fötlun.
- Leggja skal áherslu á að allir hljóti fræðslu, ráðgjöf og hvatningu í tengslum við ólík menntunartækifæri og ólík störf óháð kyni.
- Kennurum ber að skilgreina vel þarfir nemenda sinna og leita leiða til að haga kennsluháttum þannig að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra, áhugasvið og forsendur. Jafnframt skulu nemendur hafðir með í ráðum um hvernig skapa megi þau námsskilyrði sem til þarf svo öllum líði vel, óháð kyni eða öðrum þáttum.
- Þess skal gætt að námsefni mismuni ekki kynjum og endurspegli margbreytileika samfélagsins.
- Í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- eða karlastörf og að öll kynin séu búin jafnt undir ábyrgð og skyldur einkalífs og fjölskyldulífs, félagslífs og atvinnulífs. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika, skyldur og réttindi allra kynja. Náms- og starfsfræðsla í skólanum er ávallt samkvæmt jafnréttissjónarmiðum.
- Sjálfsstyrking verði sjálfsagður hluti náms á öllum skólastigum. Börnum og unglungum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynja- og staðalímynda.
- Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglunga.
- Tekið sé mið af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og veita þeim sérstakan stuðning og íslenskukennslu til þess að þau fái notið í skólanum til jafns á við önnur börn.
- Fjölbreytni og margbreytileika samfélagsins sé haldið á lofti í starfi með nemendum og þeim gefið tækifæri til að kynna heimamenningu sína og móðurmál.
- Mikilvægt er að ekki sé gengið út frá því að allir aðhyllist sömu trú þó að hefðbundnar trúarhátíðir lútersku kirkjunnar séu haldnar hátíðlegar.
- Starfsfólk skal ávallt vera meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir allra nemenda skólans þegar kemur að mannréttinda- og jafnréttismálum sem og öðrum málum og gæta þess í öllum samskiptum sínum við nemendur að mismuna þeim aldrei eftir kyni frekar en öðru.
- Standa fyrir og leiða umræðu með nemendum um mannréttindi.
- Standa fyrir umræðu með nemendum um kynferðislegt ofbeldi og áreitni í forvarnarskyni eða óska eftir aðila til að gera það.

Ábyrgð: Stjórnendur, kennarar, námsráðgjafar og umsjónarmenn félagsstarfs (Pegasus)

Hvenær: Jafnt og þétt yfir skólaárið og þegar ákveðnir viðburðir/þemadagar eru á dagskrá í skólastarfinu.

Samstarf við heimilin

Markmið: Foreldrar af öllum kynjum fá tækifæri til að taka virkan þátt í skólagöngu barna sinna.



Aðgerðir:

- Leggja skal áherslu á að taka reglulega upp umræðu um mannréttindi, jafnréttismál og jafnréttisáætlun skólans í foreldraráði.
- Hvetja skal foreldra af öllum kynjum til að koma í heimsókn í skólann.
- Hvetja skal foreldra af öllum kynjum til að taka virkan þátt í skólagöngu barna sinna, þátttöku í viðburðum á vegum skólans og starfi innan foreldrafélagsins.

Ábyrgð: Stjórnendur, kennarar,

Hvenær: Við upphaf skólaárs.

Mannréttinda- og jafnréttisstefnu þessa skal taka til umræðu og endurskoðunar meðal starfsfólks árlega.

Uppfært í nóvember 2020.